

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins

Málsmeðferðartillaga

Lagt er til að vísa máli varðandi framtíð skóla- og frístundastarfs við Ingunnar-, Dals- og Sæmundarskóla til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs til nánari umfjöllunar, kynningar og umsagnarvinnu með grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum, skólaráðum og foreldrafélögum sem málið varðar ásamt íbúaráði og ungmennaráði. Jafnframt verði haldnar vinnusmiðjur með börnum í 1.-10. bekk í hverfunum.